



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1986
komudagur 4.5.2010

Reykjavík, 30. apríl 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Olíuverzlunar Íslands um mál 531

Vísað er til tölvupósts yðar sem er dagsettur 20. apríl síðast liðinn.

Sú lagabreyting sem er til umræðu er verulega flókin í framkvæmd fyrir félagið, ef hún á annað borð er möguleg.

- Núverandi sjálfsalakerfi félagsins á mannlásum stöðvum býður ekki upp á að unnt sé að eyrnamerkja tiltekna eldsneytistegund ákveðnum greiðslumiðli. Á mannlásum stöðvum myndi þurfa að gera breytingar á sjálfsalakerfi félagsins áður en unnt verður að afgreiða tegundina verði frumvarpið að lögum. Félagið hefur ekki fengið staðfest hvort unnt sé að gera nauðsynlegar breytingar á sjálfsalakerfi félagsins þannig að hugsanlega þarf að skipta því út.
- Á hefðbundnum þjónustustöðvum er venjan sú að fyllt er á ökutæki og greiðsla fer síðan fram. Ef takmarka á greiðslu við eina gerð greiðslumiðils þá mun ítrekað koma upp sú staða að dæla þarf af ökutæki viðskiptavina því eldsneyti sem búið er að dæla á. Ef frumvarpið verður að lögum myndi þurfa að gera breytingar á kassakerfum félagsins áður en unnt verður að afgreiða tegundina á hefðbundnum þjónustustöðvum.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins kemur fram að breytingin muni fela í sér lítið óhagræði fyrir kaupendur eldsneytis og olíufélögin og að búnaður sé allur fyrir hendi. Félagið mótmælir þessari staðhæfingu. Það liggur fyrir að ef breytingin er á annað borð möguleg þá mun hún hafa í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir félagið, auk þess sem viðskiptavinir sem munu þurfa að láta dæla eldsneyti af ökutæki eftir áfyllingu munu verða fyrir umtalsverðu óhagræði.

Eins og áður hefur komið fram þá er um viðamikla breytingu á afgreiðslukerfum og dælukerfum félagsins að ræða. Tími til 1. júlí er alltof skammur fyrirvari til að koma nauðsynlegum aðlögunum í gegn og framkvæma viðeigandi prófanir. Félagið telur að 6 mánuðir væru mun eðlilegri aðlögunartími en sá tími sem er lagður til í frumvarpinu, ef frumvarpið verður að lögum.

Að lokum vill félagið leiðrétta misskilning sem virðist gæta í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins þar sem segir að afgreiðslur á bilinu 40-60 lítra veki upp grunsemdir um að verið sé að dæla litaðri olíu á einkabíla en ekki stórar vinnuvélar. Stórar þungavinnuvélar fara almennt ekki inn á þjónustustöðvar til að sækja eldsneyti, heldur fá þær afgreitt eldsneyti með tankbíl eða taka eldsneyti af litlum fargeymum sem eru geymdir á vinnusvæði þeirra. Það er hinsvegar talsvert um það að flutningabílar hafi litlar kælivélar á pallinum sem þeir taka litaða olíu á, auk þess traktorsgröfur taka almennt sitt eldsneyti á þjónustustöðvum, en algengt er að slík tæki hafi 50 – 100 ltr tanka.

Með bestu kveðju,

Samúel Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Vörustýringarsviðs



Sundagarðar 2
104 Reykjavík
Kt. 500269-3249
Vsk.nr.: 11765
Sími: 515 1000
Bréfsími: 515 1010
Heimasíða: www.olis.is
Netfang: olis@olis.is